



Fundargerð hreppsnefndar 17. maí 2018

Fundargerð 80. fundar sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps sem haldinn var fimmtudaginn 17. maí 2018, kl. 16:00. Fundarstaður Mikligarður

Mætt til fundar voru: Stefán Grímur Rafnsson, Elísa Jonsen Creed, Hinrik Ingólfsson, Einar Björn Kristbergsson, Eyjólfur Sigurðsson, Bárður Jónasson, og Sigríður Bragadóttir

Einnig sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrá:

1. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2017 tekinn til síðari umræðu.

Ársreikningurinn samhljóða samþykktur.

2. Framlagning kjörskrár í Vopnafjarðarhreppi vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018. Eftirfarandi samþykkt var gerð: „Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra að semja kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018. Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðar heimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna sveitarstjórnarkosningana 26. maí nk. í samræmi við lög um kosningar til sveitarstjórnar.“

3. Drög að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði Vopnafjarðarhafnar lagt fram til afgreiðslu. Skipulagið var kynnt á opnum fundi 8. maí sl. í Miklagarði af byggingarfulltrúa og hönnuðum skipulagsins. Skipulagstillagan var samþykkt samhljóða.

4. Sveitarstjóri lagði fram tillögu að styrk til framboða í Vopnafjarðarhreppi vegna sveitarstjórnarkosninga 26. maí 2018. Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Samþykkt um laun sem tóku gildi 1. júní 2017, sem ákvarða laun til sveitarstjórnar og nefnda á vegum sveitarfélagsins rennur út 31. maí nk. Sveitarstjóri gerir tillögu um að launataflan gildi áfram, þangað til annað verður ákveðið. Samþykkt samhljóða.

6. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar dags. 7. maí 2018. Varðandi lið 3 í fundargerðinni var samþykkt að fresta afgreiðslu þess liðar og óska eftir frekari upplýsingum um málið. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir samhljóða.

7. Fundargerð menningarmálanefndar dags. 7. maí 2018, samþykkt samhljóða.

8. Fundargerð hafnarnefndar dags. 8. maí 2018, samþykkt samhljóða

9. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 4. apríl 2018. Sveitarstjórn lýsti ánægju sinni með frumkvæði Bjarneyjar Guðrúnar og þáttöku nefndarinnar með fyrirhugaða hreyfiviku. Fundargerðin samþykkt samhljóða

10. Fundargerð framkvæmdastjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 18. apríl 2018, lögð fram til kynningar.

11. Fundargerð 859. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, lögð fram til kynningar.

12. Fundargerðir 402. og 403. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands, lagðar fram til kynningar.

13. Fundargerð 141. fundar stjórnar Heilbrigðiseftirlits Austurlands, lögð fram til kynningar.

14. Kveðja frá sveitarstjóra Ólafi Áka Ragnarssyni þar sem þetta er síðasti fundur sveitarstjórnar fyrir kosningar og sá síðasti á kjörtímabilinu 2014-2018, þá langar mig að koma á framfæri þakklæti til sveitarstjórnar fyrir samstarfið á kjörtímabilinu. Þeim sem eru í framboði óska ég góðs gengis og ykkur sem hverfið úr sveitarstjórn velfarnaðar á nýjum vettvangi. Sjálfur hef ég ákveðið að hverfa til annarra starfa að loknum kosningum.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð borinn upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 16:40

[Eylgigögn fundar 170518.pdf](#)